

Ed. 421. Frumvarp til laga [231. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 31 22. maí 1980.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

1. málsgr. 73. gr. orðist svo:

Nú hefur viðurkennt váttryggingafélag, sbr. 70. gr., greitt bætur samkvæmt framan- greindu, og skal þá sá, sem fébótaábyrgð ber á tjóni samkvæmt 69. gr., endurgreiða váttryggingafélaginu fjárhæð, sem dómismálaráðherra ákveður með auglýsingu, að fengnum tillögum tryggingaeftirlitsins, ef tjónið nemur þeirri fjárhæð, en ella að fullu. Endurkröfurétti þessum fylgir lögveð í ökutækinu á sama hátt og greinir í 4. mgr. 69. gr., þó þannig að veðband það, er þar greinir, gangi fyrir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt umferðarlögum skal sá, sem fébótaábyrgð ber á tjóni af völdum skráningarskylds vélknúins ökutækis, endurgreiða váttryggingafélagi því, sem greitt hefur bætur, tiltekna fjárhæð. Reglur um þetta efni voru fyrst lögteknar árið 1972, og var fjárhæðin þá ákveðin sem hlutfall af váttryggingarfjárhæð ökutækja samkvæmt 1. mgr. 70. gr. umferðarlaganna. Var hlutfall þetta í upphafi 2.5% af váttryggingarfjárhæðinni, en var síðan lækkað hverju sinni er váttryggingarfjárhæð var hækkuð með lagabreytingu, í 2% 1976 og 1% 1978. Er váttryggingarfjárhæðin var hækkuð með lögum nr. 31 1980 var eigin áhættan ákveðin 36.000 gamlar krónur, en tengsl við váttryggingarfjárhæð voru jafnframt rofin. Breytist þessi fjárhæð því eigi í samræmi við verðlagsbreytingar eins og heimilt er að ákveða með váttryggingarfjárhæðir, sbr. lög nr. 65/1978. Eigin áhættan hefur því minnkað að verðgildi og hefur þannig ekki sömu áhrif til varnar umferðarslysum eða til lækkunar iðgjalda og áður. Er því brýnt að heimild fái til að hækka þessa fjárhæð. Er lagt til að dómismálaráðherra verði veitt heimild til að ákveða með auglýsingu fjárhæð eigin áhættunnar, að fengnum tillögum tryggingaeftirlitsins. Verði slík ákvörðun þó ekki tengd hækkun váttryggingarfjárhæða, enda kunna önnur sjónarmið að koma til álita við hækkun eigin áhættu, svo sem áhrif á iðgjöld ábyrgðartrygginga.